

Blöðrubraut í skógrækt

Samstarfsverkefni Skógræktar Siglufjarðar og
Siglo Golf and Ski Club



Verkefnið:

Undanfarin ár hafa vinsældir belgjabrauta (tubing) aukist mjög á skíðasvæðum erlendis.

Í Bandaríkjunum eru í dag reknir sérstakir belgjabrauta garðar við miklar vinsældir.

Byrjunin á þessari nýju íþrótt var að krakkar fóru að renna sér á bíslöngum. Mikil þróun hefur síðan verið í gerð á beljunum til að auka öryggi notenda.

Siglo Ski and Golf Club stóð sl. haust að tilraunaverkni í samstarfi við Skógræktarfélag Siglufjarðar. Gerð var tvöföld 180 metra belgjabraut í gili við skógræktina. Bautin var mótuð úr snjó með snjótroðara. Flóðlýsing var sett upp til að nýta brautina betur í skammdeginu. Keyptir voru 200 belgir af tveimur stærðum. Ekki var seldur aðgangur að brautinni.

Þrátt fyrir miklar takmarkanir vegna Covid-19 þá naut brautin mikilla vinsælda meðal heimamanna og ferðamanna.

Þar sem um tilraunaverkefni var um að ræða þá var takmörkuðum fjármunum varið í verkefnið.

Nú hefur Siglo Ski and Golf Club áhuga á að þróa verkefnið frekar.

Reynslan af verkefninu sýnir að erfitt reynist fyrir marga að klífa upp brekkuna til baka þegar ferð er lokið. Nauðsynlegt er því að koma upp 80 metra töfrateppi (færibandi) við brautina.

Þá þarf að koma upp salernisaðstöðu og geymslu fyrir blöðrur. Einnig þarf að gera 30 fm pall fyrir áhorfendur.



200 blöðrur keyptar



Fyrir alla aldurshópa



Góð skemmtun



Upplýst braut



Erfið uppganga

Borist hefur viðmiðunarverð í töfrateppi frá austurríska fyrirtækinu Sunkid sem er leiðandi fyrirtæki á þessu sviði. Í byrjun er aðeins geert ráð fyrir notkun í vetrariþróttum. Áformað er á næstu árum að þróa verkefni þannig að hægt sé að nýta svæðið einnig að sumarlagi.



Eigandi lands: Skógrækt
Siglufjarðar

Umsjón lands: Siglo Ski and
Golf Club

Kynjahlutföll sem skapast:
Bæði kynin jafnt

Er fyrirhuguð gjaldtaka á
þessum ferðamannastað: já

Er gjaldtaka fyrir annan? Nei

Hvenær er áætlað að verkið
hefjist? Maí 2022

Hvenær eru áætluð verklok?
Sptember 2022

Framkvæmdin bætir
ferðamennsku á veikri árstíð -
já?

Skapar fjölbreytni og
afþreyingu að vetri til fyrir fyrir
fólk sem ekki stundar
skíðamennsku.

Kostnaðaráætlun :

Töfrateppi.	kr. 30.000.000
Flutningur og uppsetning	kr. 10.000.000
Geymluhús með salernisaðstöðu	kr. 15.000.000
Áhorfendapallur	kr. 10.000.000
Hönnun og laun.	Kr. 3.000.000
Samtals.	Kr. 68.000.000

